

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um kærur og málsmeðferðartíma.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hversu margar kærur bárust eftirtöldum á hverju ári frá árinu 2013:
 - a. yfirfasteignamatsnefnd,
 - b. úrskurðaraðila á sviði sveitarstjórnarmála,
 - c. álitsaðila á sviði sveitarstjórnarmála,
 - d. úrskurðaraðila á sviði samgöngumála,
 - e. úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála?
2. Hver var meðalafgreiðslutími á hverju ári? Hver var stysti tími sem tekið hefur að afgreiða kæru og hver var lengsti tími á hverju ári?
3. Hversu margar kærur voru óafgreiddar hjá hverjum úrskurðaraðila 1. nóvember sl.?

Skriflegt svar óskast.